

## Fréttatilkynning

**Efni:** Könnun MMR á afstöðu fólks til úthlutunar veiðiheimilda


**Úrtak:** Íslendingar á aldrinum 18-67 ára

**Dagsetning:** 18.febrúar 2009.

### 61% svarenda segjast hlynntir því að stjórnvöld afturkalli fiskveiðiheimildir og úthluti þeim aftur með breyttum reglum.

Í könnun MMR þar sem spurt var um afstöðu fólks til fiskveiðiheimilda sögðust 61% svarenda vera hlynntir því að stjórnvöld afturkalli með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir og úthluti þeim að nýju með breyttum reglum. Aftur á móti voru 20,7% andvígir slíkum hugmyndum og 18,3% sögðust hvorki vera hlynnt né andvíg hugmyndinni.

**Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að stjórnvöld afturkalli með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir (kvóta) og úthluti þeim að nýju með breyttum reglum?**  
-þeir sem tóku afstöðu-



Spurt var: Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að stjórnvöld afturkalli með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir (kvóta) og úthluti þeim að nýju með breyttum reglum?

Svarmöguleikar voru: Mjög andvíg(ur), frekar andvíg(ur), hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur), frekar hlynnt(ur), mjög hlynnt(ur) og veit ekki/vil ekki svara.

Samtals tóku 82,9% afstöðu til spurningarinnar.

Nokkur munur mældist á afstöðu ólíkra hópa til þess um að stjórnvöld afturkalli með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir og úthluti þeim að nýju með breyttum reglum. Til dæmis sögðust tæp 74% þeirra sem eru fimmtugir og eldri vera hlynntir hugmyndinni samanborið við 59,2% í aldurshópnum 30-49 ára og 53,9% í aldurshópnum 18-29 ára. Þó ber að líta til þess að í öllum aldurshópnum voru þeir sem sögðust hlynntir hugmyndinni meira en tvöfalt fleiri en þeir sem sögðust henni andvígir.


66,6% þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu sögðust fylgjandi því að yfirvöld endurskoði úthlutun fiskveiðiheimilda borið saman við 51,9% þeirra sem búa úti á landi. Þá sögðust 16,3% íbúa höfuðborgarsvæðisins vera andvígir hugmyndinni um endurúthlutun fiskveiðiheimilda samanborið við 27,7% íbúa landsbyggðarinnar.

Af þeim sem styðja núverandi ríkisstjórn eru 74,3% sem sögðust hlynntir því að að stjórnvöld afturkalli með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir og úthluti þeim að nýju með breyttum reglum. Meðal þeirra sem segjast ekki styðja ríkisstjórnina voru 51,9% sem sögðust fylgjandi endurúthlutun fiskveiðiheimilda en 37,3% þeirra voru því andvígir.

Verulegur munur var á afstöðu svarenda eftir stuðningi þeirra við stjórnvalaflokka (þ.e. hvaða flokka þeir myndu kjósa væri gengið til kosninga nú). Þannig sögðust 35,7% sjálfstæðismanna hlynntir endurúthlutun fiskveiðiheimilda en 47,6% þeirra sögðust andvígir. 54,8% framsóknarmanna sögðust hlynntir endurúthlutun fiskveiðiheimilda en 30,3% þeirra sögðust andvígir. 69% stuðningsfólks Samfylkingarinnar kvaðst fylgjandi endurúthlutun fiskveiðiheimilda en 7,8% þess sagðist andvíg. Þá voru 76,9% Vinstri grænna hlynntir því að stjórnvöld endurskoði úthlutun fiskveiðiheimilda en 11,5% voru því andvígir.

### Stjórnvöld afturkalli fiskveiðiheimildir og úthluti skv. br. reglum\*

-þeir sem tóku afstöðu -



\* Spurt var: Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að stjórnvöld afturkalli með einum eða öðrum hætti gildandi fiskveiðiheimildir (kvóta) og úthluti þeim að nýju með breyttum reglum?

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar andvíg(ur) eða mjög/frekar hlynnt(ur). Aðrir svöruðu „hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)“.



Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.  
laugavegi 174, 105 reykjavík, íceland  
kt: 461206-0850, vsk.nr. 92612  
tel. 354 578 5600, fax. 354 578 5619  
mmr@mmr.is, www.mmr.is

**Upplýsingar um framkvæmd:**

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr þjóðskrá

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun

Svarfjöldi: 971 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 11.-12. febrúar 2009

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.